





Veirur valda krabbameini í leghálsi

Bólusetning ein og sér er
ekki nægjanleg vörn



Tilgangurinn með þessum bæklingi er að upplýsa konur um orsakir leghálskrabbameins, HPV-veirur, bólusetningu gegn HPV og um leghálskrabbameinsleit.

Leghálskrabbameinsleit

Með frumustroki frá leghálsi er unnt að greina leghálskrabbamein á forstigi eða á algeru byrjunarstigi (huinstigi). Leitaraðferðin er notuð í mörgum löndum. Leghálskrabbameinsleit hófst hér á landi 1964. Leitin beinist nú að konum á aldrinum 20-69 ára og eru þær boðaðar til skoðunar á tveggja ára fresti. Árangurinn er ótvíræður og frá byrjun leitar hefur nýgengið lækkað um 64% og dánartíðnin um 83%. Um helmingur þeirra kvenna sem greindist með leghálskrabbamein á tímabilinu 2001-2006 voru á hulinstigi sjúkdóms og keiluskurður einn og sér því nægjanleg aðgerð.

Fjölgun forstigsbreytinga

Sannað er að sjúkdómurinn byrjar með vægum forstigsbreytingum sem þróast síðan í misalvarlegar forstigsbreytingar og að lokum í krabbamein. Hér á landi hefur nýgengi forstigsbreytinga hækkað mikið frá árinu 1980 og þá aðallega meðal yngri kvenna. Leiddi þetta til þess að skoðunaraldur var lækkaður úr 25 árum í 20 ár árið 1988. Ástæður aukningarinnar má rekja til frjálssari kynlífhegðunar sem einnig hefur leitt til hækkandi tíðni klamydíusýkinga og kynfæravarta.

Áhættuþættir

Það hefur lengi verið vitað að leghálskrabbamein tengist á einhvern hátt kynlífshegðan. *Margir áhættuþættir hafa verið nefndir og nú er ljóst að þeir tengjast allir kynsmíti með veiru sem nefnd er HPV (human papilloma virus).* Veiran ein sér veldur ekki krabbameini heldur koma einnig aðrir þættir til, svo sem önnur kynsmit (t.d. klamydíusmit), fjöldi rekkjunauta og reykingar.

HPV

Talið er að um 80% kvenna smitist einhvern tímann af HPV. Flestar konur smitast fljótlega eftir fyrstu kynmök og er tíðni HPV-smits því hæst meðal yngri kvenna eða allt að 40% en lækkar hratt eftir 30-35 ára aldur og nær vissu jafnvægi eftir 45 ára aldur eða um 5-7%. Stofnar HPV eru fjölmargir og er áætlað að undirteigundir séu yfir 100 talsins. Allt að 40 undirteigundir er að finna í kynfærum kvenna. Um 15 þeirra orsaka leghálskrabbamein og aðrar valda m.a. hvimleiðum góðkynja vörtum (kondylom) á kynfærum karla og kvenna.

Lækkun sýkingartíðni með aldri er talin byggjast á því að ónæmiskerfi líkamans nái hjá langflestum að útrýma veirunni

áður en hún nær fótfestu í líkamanum. Hjá þeim konum þar sem ekki tekst að útrýma veirunni tengist hún við gen fruma í leghálsi, leggöngum og burðarborðum og getur orsakað krabbamein í þessum líffærum. Veiran veldur fyrst forstigsbreytingum og nær frumustrok frá leghálsi í velflestum tilfellum að greina þær áður en þær þróast í krabbamein. Í leghálsi eru breytingarnar aðallega neðst í leghálsinum og því er unnt að fjarlægja þær með minni háttar aðgerð, svonefndum keiluskurði. *HPV-smit og keiluskurðir hafa engin áhrif á möguleika konunnar til að verða síðar barnshafandi.*

HPV-greiningarpróf

Með sérstöku prófi má greina hvaða konur hafa nýlega smitast af HPV-veiru. Rannsóknir hafa sýnt að þær konur sem eru sýktar í eitt ár eða lengur eru í mestri hættu að þróa síðar forstigsbreytingar. Vegna hárrar tíðni HPV-sýkinga eru þessi próf aðallega notuð samhliða hefðbundinni leghálskrabbameinsleit til að greina frá þær konur sem þurfa á nánari rannsókn að halda. *Lagt hefur verið til við heilbrigðisýfirvöld að slík greiningarpróf verði tekin í notkun við krabbameinsleit hér á landi.*

HPV-bólusetning

Tekist hefur að þróa bóluefni gegn HPV-veirunni. Margar undirtegundir veirunnar takmarka þó áhrif bóluefnisins þar eð bóluefni gegn einni undirtegund virðist hafa takmörkuð eða engin áhrif á aðrar undirtegundir. Nú er á markaði bóluefni gegn tveimur stofnum veirunnar (16 og 18) sem orsaka um 60-70% tilfella leghálskrabbameins og um 40% alvarlegra forstigsbreytinga.

Virgni HPV-bóluefnis

Virgni bóluefnisins er mest hjá stúlkum sem ekki hafa hafið kynmök. Stúlkur sem þegar hafa smitast af HPV-stofnum 16 og 18 hafa ekki gagn af bólusetningu. Það er því ljóst að leghálskrabbameinsleit verður áfram sem hingað til mikilvægur þáttur í forvörnum gegn þessum sjúkdómi.

Framtíðin

Með tilkomu HPV-bólusetningar má telja að leghálskrabbameinsleit til framtíðar litið geti farið í eftirfarandi farveg hér á landi: Leghálstrokið mun áfram vera mikilvægt en HPV-greiningarpróf munu létta eftirlit með þeim konum sem hafa endurteknar vægar og óljósar frumubreytingar og auðvelda eftirlit með konum eftir keiluskurð. Unnt verður að nýta HPV-greiningarpróf til að sannreyna hvort kona um fertugt, sem hefur eðlileg fyrri frumustrok, sé laus við HPV-smit. Kona, sem

á þeim aldri hefur bæði prófin (frumustrok og HPV-greiningarpróf) eðlileg, þarf þá ekki að mæta á ný til leitar fyrr en eftir 4-5 ár og gæti jafnvel hætt að koma eftir 60-65 ára aldur, svo fremi að ekki verði breyting á kynlífshegðan.

Þátttaka yngri kvenna

Sú staðreynd að tíðni HPV-veirunnar fer hækkandi meðal yngri kvenna staðfestir mikilvægi þess að þær mæti reglulega í krabbameinsleit svo unnt sé að greina forstígg sjúkdómsins og meðhöndla hann áður en krabbamein myndast. Rannsóknir hér á landi hafa staðfest að meðal yngri kvenna virðist ferill sjúkdómsins stundum vera svo hraður að krabbamein á byrjunarstigi geta greinst með frumustroki áður en þrjú ár eru liðin frá síðasta eðlilega frumustroki. Það er því áhyggjuefni að á síðustu árum hefur aðsókn yngri kvenna til leitar minnkað og er mæting nú lægst í yngsta aldurshópnum, 20-24 ára. Ástæðan er vafalaust sú að yngri konur gera sér ekki grein fyrir mikilvægi leitarinnar og mæta hvorki til leitar hjá heilsugæslulækni, kvensjúkdómalækni né á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð í Reykjavík.

Mikilvægi forvarna

Hækkandi tíðni forstíggbreytinga og minnkandi aðsókn yngri kvenna er áhyggjuefni sem gefur tilefni til aukinnar fræðslu um orsakir og áhættuþætti sjúkdómsins, virkni HPV-bólusetningar og mikilvægi leghálskrabbameinsleitar.

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins

Október 2007

Höfundur: Kristján Sigurðsson yfirlæknir
á Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands

Útgefandi: Krabbameinsfélag Reykjavíkur,
fyrir hönd krabbmeinsamtakanna

Prentun: Svansprent

**Pantaðu tíma þegar þú færð bréf frá Leitarstöðinni.
Síminn er 540 1919**



Krabbameinsfélagið

Skógarhlíð 8, Reykjavík. Sími 540 1900. www.krabb.is